

61

14. gr.

14. júní

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

62

G J A L D S K R Á

14. júní

fyrir

vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði 2½% af fasteignamatsverði húseigna sinna.
2. Fyrir vatn í sildar eða kjötpækil skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu sildar og 10 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til fiskþvottar 10 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
4. Fyrir hvert vatnssalerni 5 kr. á ári.
5. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 1,50 fyrir hverja smálest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 10,00 fyrir fiskiskip og kr. 20,00 fyrir öll önnur skip. Bæjarstjórnin getur, fyrir eitt ár í senn eða skemmri tíma, gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjöld eða mánaðargjöld af þeim.
6. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjald, þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað allt að 20% eða lækkað allt að 40%.

1. liður gjaldskrárinnar kemur eigi til framkvæmda fyrr en árið 1931.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þessað öðlast gildi 1. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 62
14. júní

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

63
16. júní

fyrir

Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskila o. fl.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefnd á hendi samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmdum þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum hver í sínum hreppi. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess að farið sé eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI.

Um sauðfjármörk.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu, en aðfengið fé skal því aðeins markað upp, að ekkert aukabæni verði eftir. Enginn má hafa afeyrt sem fjármark.